

189 er prestsekkjur áður hafa verið undanþegnar, sju nú rjett tekin af þeim, og get jeg ekki
 19. sept. verið yður, herra amtmaður, samdóma um, að slík undanþága þurfi beinnar lagaheimildar, nje um það, að fyrirmæli opins brjefs frá 22. marz 1826 um ekkjur prestaferða verði heimfærð beinlínis eða óbeinlínis á ekkjur presta

Að öðru leyti er það vitaskuld, að spurningin um heytollaskyldu prestsekkna er dómsmál og sætir ekki fullnaðarúrlausn landshöfðingja.

190 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um lög-
 21. sept. mæti sveitarstyrks. — Með brjefi dagsettu 1. septbr. 1880 hafð þjer, herra amtmaður staðfest úrskurð sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 11. desbr. 1878, er gjörir Leirár og Melahreppi að skyldu, að annast Sigurð nokkurn Þórðarson; sem nú er dáinn og fjölskyldu hans, að því leyti þau þyrftu sveitarstyrks, sem og að endurgjalda sveitarstyrk þann, er Sigurður þá hafði fengið í Skilmannahreppi, en þessum úrskurði yðar hefir hreppsnefndin í Leirár og Melasveit skotið til landshöfðingja, þareð hún álitur, að tjeður Sigurður hafi með dvöl sinni í Skilmannahreppi áunnið sjer þar sveitarframfærzlu.

Fyrtjeður Sigurður var borinn og barnfæddur í Leirár og Melahreppi, en fluttist þaðan vorð 1867 að Gröf í Skilmannahreppi, og bjó þar síðan, uns hann dó sumarið 1879. Veturinn 1876—77 eður á tíunda árinu, er hann var í Skilmannahreppi fjekk hann þar af sveitarsjóði hálfu rúgtunnu eður 10 krónur, en aptur á hinn bóginn var honum einmitt sama árið, sem hann fjekk fyrtjeðar 10 krónur af sveitinu, gjört 35 króna útsvar til sveitar, er hann borgaði, eins og hann líka hjelt 2 sveitarómaga, er honum höfðu verið settir, og var annar þeirra táplítill og heilsuveikur unglíngur, er Sigurður hjelt fyrir sveitina frá vordögum 1868, þangaðtil hann dó 1878, 16 ára gamall. Loksins hefir Sigurður á lögregluþingi 18. júní 1878 skýrt frá því, að hann þegar hann þáði tjeðar 10 kr. af Skilmannahreppi, hafi átt hjá honum 1 vætt og 1 rd. og 74 sk. er sveitin hafði ávísað honum upp í ómagameðgjöf hjá tveimur öðrum bændum, er ekki höfðu borgað þetta, og hefir hreppsnefnd Skilmannahrepps ekki borið á móti, að svo kynni að hafa verið, en haldið því fram, að úr því, að Sigurður tók þessar ávísanir gíldar á sínum tíma, þá gæti hann enga frekari kröfu gjört út af meðgjöfnni; en þetta er víst eigi rjett, því þótt maður taki á móti slíkum ávísunum upp á meðgjafir með sveitarómögum, þá leiðir þar af engan veginn, að maður áliti þær góðar og gíldar, eður að maður tapi rjetti sínum gegn hreppnum til meðgjafarinnar ef ávísunin eigi er borguð, heldur verður rjettur manns til að fá meðgjöfina borgaða af hreppnum, að standa með öllu óhaggaður, þótt ávísunin eigi sje borguð.

Af fyrtjeðum ástøðum verður eigi álitid, að fyrnefndur 10 kr. styrkur, er Sigurður fjekk hjá Skilmannahreppi hafi verið sannur sveitarstyrkur (sjá reglugjörð 8. jan. 1834, 5. gr.) þar sem hann þá virðist hafa átt meira hjá hreppnum, og var gjört þeim mun meira sveitarútsvar, en styrknum svaraði, og hjelt sveitarómaga fyrir hreppinn.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, hefir Sigurður Þórðarson, þá er hann dó, verið orðinn sveitlægur í Skilmannahreppi, og er þannig úrskurður yðar, herra amtmaður, og sýslumannsúrskurður sá, er hann staðfesti, úr gíldi felldir.

Þetta vilduð þjer tilkynna hlutadeigendum.

EMBÆTTASKIPUN.

31. dag ágústmánadar var stúdent Ásmundur Sveinsson skipaður umbodsmáður Arnarstapa- og Skógarstrandarjarða og jarðarinnar Hallbjarnareyrar.

30. september var presturinn að Fjallapíngum sira Pjetur Jónsson skipaður prestur að Presthólum (Presthóla og Ásmundarstaðasafnaða) frá fardögum 1883.